

Í *Pá vej* er gert ráð fyrir að unnið sé með alla færniþætti og þeir fléttaðir saman. Þannig getur kennslan endurspeglað eðlilega notkun tungumálsins.

Í *námsefninu* er lögð áhersla á fjölbreyttar vinnuaðferðir. Gengið er út frá að nemendur vinni í pörum, hópum og hver fyrir sig, allt eftir eðli verkefna. Mörg verkefni fylgja hverjum kafla og þannig á að vera hægt að koma til móts við þarfir hvers og eins.

Lesnir textar

Textalestur eykur skv. rannsóknum erlendis skilning á málinu, bætir málskilning, máltilfinningu, færni í stafsetningu og málfræði. Einnig eykst orðaforði. Það er mikilvægt að kennarar muni að það er EKKI nauðsynlegt að nemendur skilji hvert einasta orð. Þeir eiga að einbeita sér að því að ná merkingu út frá þeim verkefnum sem fylgja, enda beina þau athyglinni að aðalatriðunum og/eða mikilvægasta orðaforðanum.

Til þess að skilningur á texta sé sem bestur eiga nemendur að leysa verkefni sem fylgja í verkefnabókinni, en þau ganga ýmist út á að leiða þá í gegnum textana eða að byggja upp og æfa orðaforða. Kennari getur ákveðið að sleppa einhverjum verkefnum, en til þess að ná sem bestum árangri er mælt með að nemendur leysi öll verkefnin. Rök með því að sleppa sumum verkefnum væru fyrst og fremst þau að þar með geta nemendur valið verkefni sem þeir ráða best við.

Hægt er að beita mismunandi aðferðum við að fara í gegnum textann. Kennari getur lesið hann upphátt og um leið látið nemendur finna svör við skilningsverkefnum sem fylgja í verkefnabók. Þá er gott að taka fyrir hverja spurningu fyrir sig og nemendur og kennari reyna í sameiningu að finna rétta svarið. Þetta hentar vel í upphafi annar og fellur sérstaklega þeim nemendum vel í geð sem eru með greiningar um dyslexíu eða athyglisbrest. Einnig er hægt að skipta nemendum í litla hópa og textanum í búta. Hver nemendahópur les saman sinn bút og reynir að ráða í merkinguna. Hver hópur fyrir sig gerir síðan grein fyrir innihaldinu á íslensku. Eftir það eiga allir nemendur að leysa meðfylgjandi verkefni hver fyrir sig og þá um leið verða þeir að lesa textann, en það hjálpar þeim að hafa fengið endursögn á innihaldinu á íslensku. Þegar nokkuð er liðið á önnina ættu nemendur einnig að geta lesið textann sjálfir og þeir nemendur sem hafa aðgang að efni Blindrabókasafnsins geta nýtt sér að hlusta á textana í *Pá vej* gegnum það.

Hlustunarverkefni

Aðalmarkmið með hlustunaræfingum er að þjálfra skilning á talaðri dönsku. Með aukinni æfingu eykst skilningur fljótt. Nemendur með dyslexíu eiga oft(ast) auðveldara með að meðtaka ílagið (input) gegnum eyru en augu. Þannig getur hlustun hjálpað þeim við tungumálanámið.

Hlustunaræfingarnar eru á heimasíðu Iðnú og mælt er með að kennari setji krækju inn á kennsluumhverfi á netinu til þess að ekki fari of mikill tími í að finna æfingarnar.

Í bókinni eru samtals 24 hlustunarverkefni sem ýmist nýta orðaforðann sem unnið er með í öðrum verkefnum eða sem teygja sig út fyrir hann, en eru samt innan ramma sama þemans.

Kennari getur valið að láta nemendur hlusta saman á hverja æfingu, eina eða fleiri í tíma, í tækjum kennslustofunnar. Einnig er hægt að láta hvern og einn hlusta með hjálp heyrnartóla. Þannig getur hver nemandi stýrt hraðanum og stoppað og endurtekið eftir þörfum. Það hefur gefist vel að láta nemendur einstaka sinnum taka 2 – 3 hlustunaræfingar í röð (í einni kennslustund) með heyrnartólin á höfðinu. Eftir að hafa hlustað á hverja æfingu kemur hver og einn nemandi upp til kennarans sem er með

lausnina hjá sér. Kennari og nemandi fara saman yfir svörin og kennari útskýrir hvað það var sem fór úrskeiðis. Það ætti ekki að taka nema í mesta lagi eina mínútu að renna yfir hverja æfingu hjá hverjum og einum og leiðrétta villur. Nemandinn fær þannig meiri athygli kennarans og einstaklingsmiðaða aðstoð.

Ritunarverkefni

Markmið með ritun er að æfa og festa orðaforðann sem unnið er með. Nemendur læra smám saman að nota hann í nýju samhengi og þar með eykst bæði skilningur þeirra og vald á málinu.

Ritunarverkefni í textabók eru yfirleitt síðustu verkefni sem nemendurnir eiga að vinna í tengslum við hvern texta, enda eru þau endapunkturinn í vinnu við hvern texta fyrir sig.

Það er mjög mikilvægt að nemendur fái að skrifa sem oftast á dönsku til þess að æfa sig, á sama hátt og lítil börn læra að ganga eða tala. Mælt er með að nemendur skrifi á dönsku ekki sjaldnar en einu sinni í viku og HELST í HVERRI kennslustund. Ritun á að vera stutt á þessu stigi, bæði til þess að hægt sé að komast yfir það að skrifa í hverjum tíma og til að nemendur missi ekki móðinn.

Það segir sig sjálft að kennari getur ekki farið yfir og leiðrétt ALLT sem nemendur skrifa, ekki frekar en við séum hlaupandi á eftir litlu börnunum okkar með leiðréttingarnar á lofti þegar þau eru að læra að tala. Æfingin skapar meistarann eins og sagt er.

Í námsefninu eru gefnar stoðir með öllum ritunarverkefnum til að hjálpa nemendum að byrja að skrifa. Margir þeirra nemenda sem eru í viðkomandi áfanga hafa fengið litla þjálfun í að tjá sig skriflega á dönsku, og það er ekki hægt að ætlast til þess að fullmótað verk spretti fram úr pennum þeirra.

Það er mælt með því að kennari skrifi upp á töfluna, gjarnan með aðstoð nemenda, þær sagnir í NÚTÍÐ sem þeir eiga að nota í rituninni. Þannig læra nemendur fljótt þær sagnir sem eru mest notaðar og algengar í málinu.

Athugið að fjölmörg annars konar verkefni henta vel sem ritunarverkefni, t.d. verkefni G á bls. 12 í verkefnabók. Það er góð hugmynd að láta nemendur svara spurningunum fyrir sjálfa sig á dönsku.

Talæfingar

Markmið með talæfingum er svipað og markmið með ritun, þ.e. að æfa og festa orðaforðann sem unnið er með. Það gildir einnig hér eins og í ritunarþjálfun að nemendur læra smám saman að nota orðaforðann í nýju samhengi og þar með eykst bæði skilningur þeirra og vald á málinu. Helsti munurinn á ritun og tali er auðvitað tíminn. Nemendur geta hugsað sig meira um, flett upp í gögnum, endurskoðað og lagfært það sem þeir skrifa, en talið verður að koma tiltölulega hratt út úr munnum ef viðmælandinn á ekki að gefast upp á að hlusta og tala við þá. Nemendur eiga að fá rík tækifæri til að nota málið sem tæki til tjáskipta, hvort heldur er munnlega eða skriflega.

Annað markmið er það að láta nemendur venjast á það að heyra sig sjálfa tala á dönsku, en það eru margir sem hafa litla eða enga reynslu af því í þessum áfanga. Við viljum fullyrða að það eigi við um alla nemendurna, eða því sem næst, að sjálfstraustið er ekki mikið þegar dönskukunnáttan er annars vegar. Með því að æfa sig á hættulitlum talæfingum þar sem ekki er mikil hætta á að vankunnáttan verði afhjúpuð ætti sjálfstraustið smám saman að aukast. Talæfingar gefa einnig tækifæri til samskipta við aðra nemendur og yfirleitt er slíkt vel þegið af nemendum.

Allar talæfingar í bókinni ganga út frá að nemendur séu ekki búnir að læra að tala dönsku á sjálfstæðan hátt. Stoðirnar og fyrirmyndirnar eru þess vegna mjög margar og nákvæmar. Í byrjun eru æfingarnar í

rauninni lítið annað en upplestur, en svo kemur meðvituð hugsun inn þegar nemandinn verður að skipta út orðum í setningunum og breyta þeim þannig.

Það hefur fengist góð reynsla af því að láta nemendur annaðhvort sitja sitt hvorum megin við langborð, eða standa í tveimur röðum og láta þá síðan rótera eftir hverja umferð (talæfingu). Þannig ná nemendur að „tala við“ 3 – 6 mismunandi nemendur og textinn verður orðinn þeim tamari. Það er þó augljóst að það gengur ekki að nota þessa aðferð í hvert sinn.

Þemaorð

Markmið með þemaorðum er að bæta einföldum grunnorðaförða við þann orðaförða sem textarnir innihalda. Það er gert til þess að sá orðaförði sem höfundar telja að nemendur þurfi að kunna sé með í bókinni. Þessi viðbótarorðaförði er virkjaður með æfingum af ýmsu tagi. Þessi þemaorð eiga að þetta orðaförðann í bókinni.

Málfræði

Það er skoðun höfunda bókarinnar *Þá vej*, að nemendur í undirbúningsáfangi eigi ekki að eyða miklum tíma og kröftum í málfræði, enda séu þeir ekki tilbúnir í svo flókna hluti. Meira máli skiptir að nemendur nái að skilja tiltölulega einfalda texta og tjá sig í einföldu máli á dönsku. Þeir málfræðiþættir sem teknir eru með í bókinni eru fyrst og fremst algeng sagnorð í nútíð, töluorð og lýsingarorð. Beinar málfræðiæfingar eru mjög fáar, heldur er áherslan fyrst og fremst lögð á merkingu orðanna. Eins og áður segir er mælt með að kennari skrifi á töfluna sagnir í nútíð, sem nemendur geta notað í ritunarverkefni hverju sinni.

Yfirferð

Það hefur gefist vel að leyfa nemendum sjálfum að velja fáeina lestexta þegar komið er nokkuð áleiðis í bókinni og komið er fram yfir miðja önn. Nemendur hafa ekki sömu áhugamál og þeir gleðjast yfir því að fá að velja eitthvað sem höfðar meira til þeirra en annað. Það er auðvitað ekki hægt að prófa úr því á prófi, nema þá e.t.v. með því að láta nemendur skrifa nokkrar línur um efnið.

Lengstu textarnir eru oftast erfiðastir og þeir eru hafðir síðastir í hverjum kafla fyrir sig. Ef það hentar ekki að taka þá fyrir en undir lok annar er það auðvitað val kennarans að gera það. En höfundarnir eru þeirrar skoðunar að það sé nauðsynlegt áður en lengra er haldið að láta nemendur spreyta sig á að lesa texta sem eru ekki af stystu gerð, eins og flestir textarnir í bókinni reyndar eru.